

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Vaxtaákvörðun



Kynningarfundur

5. febrúar 2025

Peningamál í hnotskurn



Hægfara
alþjóðlegur bati
en aukin óvissa
í alþjóða-
viðskiptum



Vöxtur
innlendarar
eftirspurnar
hefur verið
umfram spár ...



... en hagvöxtur
hefur verið
lakari og horfur
fyrir þetta ár
versna lítillega



Horfur eru á að
slaki myndist í
þjóðarbúinu á
fyrri hluta þessa
árs



Verðbólga
hjaðnar áfram
og horfur eru
svipaðar og
áður






Áfram óvissa
um efnahags-
horfur og
hjöðnun
verðbólgu



Efnahagssumsvif

Alþjóðahorfur breytast lítið en óvissa eykst

- Hagvöxtur jókst áfram að meðaltali í helstu viðskiptalöndum á Q3 en sem fyrr ólík þróun milli landa: hagvöxtur í Bandaríkjunum aftur yfir væntingum en minni í Evrópu og samdráttur mældist í Þýskalandi en þar hefur VLF dregist saman í tvö ár í röð
- Horfur á meiri hagvexti í Bandaríkjunum en litlar breytingar í heild ... en óvissa hefur aukist – sérstaklega í alþjóðaviðskiptum






1. Árstíðarleiðréttar tölur. Tölur fyrir Noreg eru án vinnslu og flutnings á olíu og gasi. 2. TPU-vísitalan (e. Trade Policy Uncertainty Index) er mælikvarði Caldara o.fl. (2020) á óvissu í alþjóðaviðskiptum og byggir á rafrænni leit í fjölmiðlum á orðum sem tengjast óvissu og alþjóðaviðskiptum.

Heimildir: D. Caldara, M. Iacoviello, P. Molligo, A. Pretipino og A. Raffo (2020), „The economic effects of trade policy uncertainty“, *Journal of Monetary Economics*, 109, bls. 38-59, LSEG Datastream, Seðlabanki Íslands.

Horfur á töluvert meiri viðskiptahalla en áður spáð

- Útflutningur dróst saman um 2,2% á Q3 – þriðji fjórðungurinn í röð þar sem álíka samdráttur mælist
- Innflutningur dróst saman á Q3 í takt við nóvemberspá ... viðsnúningur eftir 2,4% vöxt á H1/2024
- Heldur meiri viðskiptahalli í fyrra en spáð í nóvember og töluvert meiri halli í ár vegna aukinna fjárfestingarumsvifa





1. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og heildarútflutnings vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga. Álútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. 2. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og heildarinnflutnings vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga. 3. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalínur sýna spá frá PM 2024/4.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.




Innlend eftirspurn í takt við spá en hagvöxtur minni

- Einkaneysla jókst lítillega minna á Q3/2024 en spáð var í PM 24/4 en fjárfesting var heldur sterkari ... Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga jukust umfram spá en óhagstæðari þróun birgða og útflutnings gera það að verkum að hagvöxtur mældist minni
- VLF dróst því saman um 1% á fyrstu þremur fjórðungum ársins 2024 en í PM 24/4 var spáð 0,3% samdrætti



Vöxtur einkaneyslu eykst eftir hægan vöxt í tvö ár

- Vöxtur einkaneyslu verið hægur undanfarið og hægari en vöxtur ráðstöfunartekna – sparnaður heimila hefur því aukist
- Aukinn vöxtur kortaveltu og meiri bjartsýni (væntingavísitala ekki hærri síðan Q1/2022) benda til aukins vaxtar einkaneyslu á Q4
- Talið að einkaneysla hafi aukist um 0,9% í fyrra (1% í PM 24/4) og að vöxtur hennar sæki enn frekar í sig veðrið í ár




1. Ráðstöfunartekjur heimila út frá tekjuskiptingaruppgjöri Hagstofu Íslands færðar á fast verðlag með verðvísitölu einkaneyslu. 2. Greiðslukortavelta á föstu verðlagi. 3. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalína sýnir spá frá PM 2024/4. Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Horfur á minni hagvexti í ár en spáð var í nóvember


- Áætlað er að VLF hafi aukist um 1,2% milli ára á Q4 í fyrra en miðað við bráðabirgðatölur Hagstofunnar hafi hún dregist lítillega saman á árinu öllu ... heldur lakari þróun en spáð í PM 24/4: utanríkisviðskipti og birgðabreytingar vega á móti kröftugri fjárfestingu
- Áþekkar ástæður fyrir horfum á heldur hægari hagvexti í ár en þróunin snýst við á næsta ári

Hagvöxtur og framlag undirliða 2018-2027¹



2024	-0,4%
2025	1,6%
2026	2,6%
2027	3,0%





Breyting á hagvaxtarþróun og -horfum frá PM 24/4 og framlag undirliða



1. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalína sýnir spá PM 2024/4.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hægari fjölgun starfa og minnkandi spennna

- Störfum fjölgaði um 2% milli ára í nóvember og atvinnuleysi hefur aukist hægum skrefum undanfarið 1½ ár
- Lausum störfum hefur einnig fækkað og dregið hefur úr ráðningaráformum þótt þau hafi braggast lítillega á Q4
- Talið að slaki myndist snemma í ár sem nái hámarki snemma árs 2026 en lokist síðan smám saman er líður á spátímamann



1. Fjöldi starfa skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) og fjöldi launafólks á aldrinum 16-74 ára samkvæmt tölum úr staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal VMK gagna. 2. Tölur fyrir skráð atvinnuleysi og fjölda á atvinnuleysissskrá eru árstíðarleiðréttar af Seðlabankanum. Atvinnuleysi skv. VMK sýnir 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttara talna. 3. Laus störf skv. fyrirtækjakönnun Hagstofu Íslands og fjöldi atvinnulausra samkvæmt vinnumarkaðskönnun sömu stofnunar. Árstíðarleiðrétt gögn. 4. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalínur sýna spá PM 2024/4.




Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.



Verðbólga

Verðbólga heldur áfram að hjaðna




- Verðbólga var 4,6% í janúar – minnkar um 0,2 prósentur milli mánaða og rúmar 2 pr. milli ára
- Án húsnæðis jókst verðbólga hins vegar í 3% en undirliggjandi verðbólga minnkaði í 4,1%
- Það dró úr húsnæðis- og þjónustuverðbólgu en árshækkun vöruverðs jókst



1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu 3 (áhrif óbeinna skatta, sveiflukennndra matvöruliða, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV). Frá og með júní 2024 er kjarnavísitala 2 notuð þar sem kjarnavísitala 3 er ekki lengur birt. 2. Þjónusta er vegið meðaltal af undirliðunum almennri og opinberri þjónustu.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hægir á hjöðnun verðbólgu í helstu viðskiptalöndum

- Verð á olíu og öðrum hrávörum hefur þokast upp undanfarið en er þó áfram undir því sem það var sl. vor
- Áfram dregur úr árslækkun orkuverðs, hjöðnun matvæla- og vöruverðbólgu hefur stöðvast og þjónustuverðbólga verið þrálát
- Gengi ISK hefur lækkað lítillega það sem af er ári – er þó tæplega 1% hærra en fyrir ári ... vegur á móti erlendum hækkunum





1. Brent verð á hráolíu. Verðvísitala gámaflutninga er Freightos Global Container Index. Meðaltal mánaða. Gögn til og með 31. janúar 2025. 2. Vöruverð án orku- og matvælaverðs. Áætlun Seðlabankans fyrir desember 2024. 3. Grunnspá Seðlabankans fyrir 4. ársfj. 2024 og 1. ársfj. 2025.

Heimildir: Alþjóðabankinn, LSEG Datastream, Seðlabanki Íslands.

Húsnæðisverðbólga heldur áfram að hjaðna




- Húsnæðisverðbólga hjaðnar áfram eftir tímabundna aukningu í nóvember: var 7,7% í desember og ekki verið minni síðan í vor
- Íbúðum á sölu fjölgaði er leið á árið og meðalsölutíminn hefur lengst og hefur ekki verið lengri síðan undir lok árs 2017
- Áfram verðbólguþrýstingur af vinnumarkaði og launakostnaður á framleidda einingu hækkar töluvert á spátímanum



1. Vísitala íbúðaverðs gæðaleiðrétt m.v. fasteignamat og byggist á kaupsamningum sl. mánaðar. Meðalsölutími á landinu öllu.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguvæntingar haldast enn yfir markmiði



- Verðbólguvæntingar markaðsaðila hækka lítillega á ný eftir lækkun undanfarið – eru þó töluvert lægri en á sama tíma í fyrra
- Verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja lækkuðu hins vegar á Q4 og nálgast það sem þær voru fyrir farsótt
- Verðbólguálagið hefur heldur hækkað undanfarið ... endurspeglar mögulega aukna óvissu um verðbólguhorfur



1. Miðgildi svara í könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. 2. Miðgildi svara í könnun Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja. 3. Meðaltal mánaða. Gögn til og með 31. janúar 2025. Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

Horfur á áframhaldandi hjöðnun verðbólgu

- Verðbólga var 4,9% á Q4 en í nóvember var spáð að hún yrði 4,8%
- Talið er að verðbólga minnki áfram en aukist lítillega á ný í lok ársins vegna óhagstæðra grunnáhrifa
- Verðbólguhorfur svipaðar: slaki myndast fyrr í þjóðarbúskapnum en heldur meiri hækkun húsnæðis- og innflutningsverðlags



	Ársmeðaltöl	4. ársf.
2024	5,9%	4,9%
2025	3,6%	3,4%
2026	2,8%	2,4%
2027	2,4%	2,6%

1. Samanburður á grunnspá og spám heildarjafnvægislíkans bankans (DYNIMO) og meðaltals 5 tölfræðilega metinna verðbólgu líkana sem bankinn notar við að gera skammtíma verðbólgu spár.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Peningamál í hnotskurn



Hægfara
alþjóðlegur bati
en aukin óvissa
í alþjóða-
viðskiptum



Vöxtur
innlendarar
eftirspurnar
hefur verið
umfram spár ...



... en hagvöxtur
hefur verið
lakari og horfur
fyrir þetta ár
versna lítillega



Horfur eru á að
slaki myndist í
þjóðarbúinu á
fyrri hluta þessa
árs



Verðbólga
hjaðnar áfram
og horfur eru
svipaðar og
áður



Áfram óvissa
um efnahags-
horfur og
hjöðnun
verðbólgu



Ritið í heild



Kynning aðalhogfræðings



Power Point myndir



Myndagögn



Tíst



Facebook